

Aðalfundur Foreldrafélags Auðarskóla skólaárið 2024/2025

Haldinn 28. Apríl 2025 kl 20:00 í efraholi grunnskólans.

Aðalfundur var boðaður með löglegum hætti með því að auglýsa inná Facebook síðu foreldrafélags Auðarskóla þann 14. Apríl 2025, skólinn sendi tölvupóst í gegnum mentor og áminning í sms samdægus.

Mættir voru: Stefanía Björg, Sara, Arndís Anna, Stefanía Anna, Hafrún Ösp og Ragnheiður.

Kosning fundastjóri; Stefanía Björg óskar eftir tilnefningu á fundarritara, enginn býður sig fram og leggur til að hún taki hlutverkið að sér. – SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA.

Kosning fundarritara; Stefanía Björg óskar eftir tilnefningum en enginn býður sig fram, leggur til að Sara Kristinsdóttir takið það að sér.

Skýrsla stjórnar; Stefanía telur upp þá viðburði sem hafa orðið á árinu, skýrsla stjórnar fylgir með sem viðhengi í fundagerð.

Ársreikningar félagsins bornir upp; Sara fór yfir ársreikning foreldrafélagsins sem voru samþykktir samhljóða.

Kosning stjórnar; Í stjórn vantaði tvo í aðalstjórn og tvo til vara, Arndís Anna Jakobsdóttir bauð sig fram sem meðstjónandi.

Kosning formanns; enginn bauð sig fram

Kosning í skólaráð til 2 ára, engin kosning í fræðslunefnd þar sem Sigríður Fjóla Mikaelsdóttir situr 2 ár frá því árið áður. Stefanía Anna Vilhjálmsdóttir bauð sig fram í skólaráð til 2 ára - SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA

Lagabreytingar; Engar tillögur um lagabreytingar.

Önnur mál;

1. Stjórn óskar eftir samþykki Aðalfundar að styrkja grunn- og leikskólann um 500.000 kr fyrir vorferðum nemenda. Stefanía Björg bendir á í ræðu sinni að flest foreldrafélög séu að fjárveita vorferðalög með fjáröflunum í öðrum skóla og Stefanía leggur til að ný stjórn taki umræðuna frekar með skólastjórnendum um að reyna fá ágóðan af fjáröflun á vegnum skólans sem yrði eyrnamerkt þessum ferðum og vorhátíðinni. Til þess að hægt sé að gefa nemendum skemmtilega upplifun. Þá yrði haldin stærri vorhátíð anna hvert ár og þá á móti stærri vorferð hin árin.

Samþykkt var að veita 500.000 kr styrk til skólans vegna vorferða nemenda. Lagt til að ný stjórn taki umræðu við skólastjórnendur.

2. Fjármagn til bekkjatengla til að þau geti haldið bekkjaviðburði. Lagt er til að að fjármagnið verði 2.000 kr á hvert barn. Þá er lagt til að stjórn taki fund við bekkjatengla í upphaf skólaárs og óskað eftir að þau haldi sig við 1 viðburð hverja önn, ef þau vilja halda stærri viðburð eitt skiptið að reyna þá að halda smærri viðburð á seinni önn.

Tillögur; Krakkar komið skipuleggi skemmtiatriði sem þau sýna foreldrum í skólanum og þau geta komið með sælgæti og gos. Jafnvel er hægt að sameina í kostnað fyrir pizzabakstur eða slíkt. Til þess að halda kostnað í lágmarki til að á móti ef bekkjatenglar vilja gera stærri viðburð hina önnina. Hugmyndir er hægt að setja inná foreldrafélagsíðuna til að hjálpast að.

2.000 kr á hvert barn hverja önn – samtals 4.000 kr á barn samlagt á skólaárið.

3. Stjórn foreldrafélagsins keypti posa til að hafa á viðburðum á vegum skólans og foreldrafélagsins. Borið hefur verið á því að óskað er eftir því að önnur félagasamtök eru að óska eftir að fá posan lánaðann á kostnaðarlausu.

Það getur valdið vandræðum því það er í skilmálum að ekki er heimilt að leigja posann áfram, það getur kostað foreldrafélagið að bankareikningurinn sem er á bakvið posan verði lokað. Hver stjórn þarf að geta svarað fyrir það ef þau verða spurð út í það afhverju er verið að leggja inná aðra aðila en foreldrafélagið. Það er því áhætta hverjar stjórnar að taka ákvörðun um að áfram leigja posann til annarra félagasamtaka.

4. Aukaaðalfund, þar sem ekki náðist að fylla í stjórn félagsins þarf að halda annan aðalfund eða auka aðalfund, er það lagt í hendur núverandi stjórnar að kalla til auka aðalfund og finna dagsetningu fyrir það.